



Öryggisblöð (MSDS)

Samkvæmt reglugerð nr. 1027/2005 og tilskipunum 91/155/EEC og 67/548/EEC.

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **CASTROL FOAM AIR FILTER CLEANER**

Notkun: Hreinsiefni.

Dreifingaraðili: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Gerð öryggisblaða: EFNAVERND ehf., Breiðagerði 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Útgáfudagsetning: 31.03.2008

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
64742-49-0	265-151-9	Hrábensín (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, létt	50 - 100	T H45-65
67-63-0	200-661-7	Própan-2-ól	20 - 50	F, Xi H11-36-67

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

3. Varúðarupplýsingar.

Afar eldfimt. Ertir húð. Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima. Innöndun lífrænna leysiefna getur valdið varanlegum skaða á miðtaugakerfi. Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.



4. Skyndihjálp.

Við innöndun:	Tryggið hreint loft. Leitið lækni ef öndunarerfiðleikar koma fram.
Snerting við húð:	Farið strax úr fötum sem mengast af efninu og skolið húðina með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur. Leitið strax lækni.
Snerting við augu:	Skolið strax vandlega með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið. Leitið strax lækni.
Við inntöku:	Inntaka er ólíkleg nema viljandi. Hafið strax samband við lækni ef efnið er tekið inn. Varan inniheldur leysiefni sem valdið geta lungnaskaða við uppköst. Framkallið EKKI uppköst nema að ráði lækni. Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi vökva eða fæðu.
Upplýsingar f. lækna:	Meðhöndlið skv. einkennum.

5. Viðbrögð við eldsvoða.

Efni/aðferðir: Notið fullan hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf. Heppileg slökkviefni eru froða eða duft. Notið ekki háþrýsta vatnssprautu. Haldið lokuðum umbúðum með

efninu á hættusvæðinu köldum með vatnsúða. Reynið ekki að slökkva eldinn ef hann nær að kveikja í efninu heldur látið hann brenna. Rýmið hættusvæðið ; byrjið á að forða fólki úr sjónlínu og frá gluggum.

Efnið er eitrað vatnalífverum. Vatni, sem notað er við slökkvistörf, þarf að safna og meðhöndla sem efnaúrgang.

Sérstök hættu: Efnið og gufa þess eru afar eldfim. Gufa efnisins er þyngri en loft og getur dreifst eftir gölfum og lögnum og valdið íkveikju eða sprengingu fjarri upprunastað.

6. Efnaleki.

Haldið óviðkomandi frá hættusvæðinu. Fjarlægjið allt sem valdið getur íkveikju. Notið viðeigandi persónuhlífar við hreinsunarstörf, s.s. hlífðargleraugu, stígvél, hlífðarhanska, galla. Forðist alla snertingu við efnið.

Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Hafið strax samband við slökkvilið ef um verulegan leka er að ræða.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Forðist snertingu við augu, húð og klæðnað. Notið viðeigandi persónuhlífar. Þvoið hendur, andlit og aðra líkamshluta, sem komast í snertingu við efnið, vandlega eftir notkun efnisins. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti. Haldið frá hita- og neistagjöfum og reykið ekki meðan á notkun stendur. Klútar, pappír og annað sem vætt hefur verið í efninu er eldfimt og þarf að farga strax eftir notkun á öruggan hátt. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafræmagn. Athugið að öll raftæki séu neistavarin og í lagi þannig að ekki sé af þeim íkveikihætta.

Geymsla: Geymist á köldum og vel loftræstum stað fjarri hita- og neistagjöfum. Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.

8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.

Tæknilegar aðgerðir: Loftræsting þarf að vera nægileg til að halda loftmengun neðan mengunarmarka. Greiður aðgangur þarf að vera að vatni og augnskolunartækjum.

<i>Mengunarmörk:</i>	Olíupoka, olíuúði:	(MG)	1 mg/m ³
	2-própanól:	(MG)	200 ppm 490 mg/m ³

Persónuhlífar;

Öndunargrímur: Notið ferskloftstæki ef loftræsting er ekki fullnægjandi eða hættu er á að efnagufur í andrúmslofti fari yfir mengunarmörk.

Fyrir augu: Hlífðargleraugu til varnar slettum.

Fyrir hendur: Efnapolnir hlífðarhanskar.

Fyrir húð: Viðeigandi hlífðarfatnaður.

Hreinlæti við vinnu: Þvoið hendur áður en matast er eða drukkið og eftir vinnu. Þvoið mengaðan hlífðarfatnað, hanska og skó vandlega fyrir notkun.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

<i>Ástand / útlit / lykt:</i>	Vökvi í þrýstihylki / litlaus / einkennandi
<i>Sýrustig (pH):</i>	-
<i>Bræðslumark:</i>	-
<i>Suðumark:</i>	-
<i>Blossamark:</i>	< 0°C
<i>Hætta á sjálfíkveikju:</i>	250°C

<i>Sprengimörk; neðri - efri:</i>	0,8 - 12%
<i>Seigja:</i>	-
<i>Eðlisþyngd:</i>	730 kg/m ³ (0,7 g/sm ³) við 20°C
<i>Leysni:</i>	Leysist ekki í vatni
<i>Deilistudull, n-oktanól/vatn:</i>	-

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

<i>Stöðugleiki:</i>	-
<i>Aðstæður sem skal forðast:</i>	Hiti, opinn eldur og annað sem valdið getur íkveikju.
<i>Efni sem skal varast:</i>	Oxunarmiðlar, sýrur, basar.
<i>Hættuleg niðurbrotsefni:</i>	-

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

<i>Við innöndun:</i>	Innöndun gufu getur valdið höfuðverk, svima og sljóleika og í alvarlegri tilfellum meðvitundarleysi. Getur valdið skaða á miðtaugakerfi.
<i>Snerting við húð:</i>	Getur valdið ertingu.
<i>Snerting við augu:</i>	Sviði, roði. Getur valdið ertingu.
<i>Við inntöku:</i>	Ef efnið berst í lungu við inntöku eða uppköst getur það valdið lungnabjúg eða lungnabólgu.
<i>Bráð eiturrhif:</i>	-
<i>Langtímaáhrif:</i>	Inniheldur enga þekkta krabbameinsvalda í magni yfir 0,1%.

12. Hættur gagnvart umhverfinu.

<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	Brotnar greiðlega niður og er ekki talið safnast upp í lífríkinu.
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	Efnið getur borist í gegnum jarðveg og spillt grunnvatni.

13. Förgun.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.
<i>Lög um förgun og meðhöndlun úrgangs:</i>	Lög nr. 55/2003, lög nr. 33/2004.

14. Flutningur.

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur:	UN-nr.:	Númer og bókstafur:
	Nafn efnis:		
	Varúðarmerki:	Hættunr.:	Pökkunarflokkur:
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur:	UN-nr.:	Pökkunarflokkur:
	Ems:	MFAG:	
	Nafn efnis:		
	Varúðarmerki:		Sjávarmengandi:

Flutningur í lofti: ICAO/IATA flokkur: UN-nr.: Pökkunarflokkur:
 Nafn efnis:
 Varúðarmerki:

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:



Varnaðarmerki: Fx, Xi, N

Inniheldur: Hrábensín (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, létt
 Própan-2-ól

H - setningar: H38 Ertir húð.
 H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.
 H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

V - setningar: V23 Varist innöndun gufu/úða.
 V25 Varist snertingu við augu.
 V45 Leitið umsvifalaust lækni ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er.
 V51 Má aðeins nota á vel loftræstum stað.
 V61 Fordist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar / öryggisleiðbeiningar.
 (V2) GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.
 Prýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann:: 31.03.2008

Dagsetning frumrits: 20.05.2003

Breytt þann: - Breyttir liðir: -

Gert fyrir: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Unnið af: EFNAVERND ehf., Breiðagerði 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

H11 Mjög eldfimt.
 H36 Ertir augu.
 H45 Getur valdið krabbameini.
 H65 Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.
 H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Annað: Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif

efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á efniseiginleikum. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda.

Þessi öryggisblöð eru unnin eftir MSDS frá CASTROL A/S, DK-2300 København S, Denmark.